

Sp. 124. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um könnun á réttarstöðu tjónaþola vegna skaða af völdum flugumferðar í nágrenni flugvalla.

Flm.: Oddur Ólafsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna réttarstöðu sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja, sem eru í nágrenni flugvalla, gagnvart eigendum flugvéla, er slysum og tjóni valda, og lögfasta úrbætur, sé þess þörf.

Greinargerð.

Aukin flugumferð og stækkandi flugvélar valda vaxandi hættu á því, að stórfellt tjón á mannlífum og eignum verði, ef flugslys á sér stað í nágrenni flugvallar. Byggðakjarnar myndast gjarnan nokkra kílómetra frá stórum flugvöllum, og þar eð slys verða helst við flugtak eða í landingu, er þessum byggðasvæðum hætt við tjóni.

Enda þótt flugvélar séu ábyrgðartryggðar, gæti tjón orðið svo gífurlegt, að trygging nægði ekki til greiðslu á skaða, og þess vegna er nauðsynlegt, að sveitarfélög fái örugga vitneskju um það, hvert leita skuli í slíkum tilvikum.

Til landingar í Keflavík og Reykjavík koma leiguflugvélar og einkaflugvélar, og er vafalaust oft lítið vitað um, hve öruggar tryggingar þeirra eru.

Vitað er, að nokkrum sinnum hefur legið nærri, að stórslys yrðu við Keflavíkurflugvöll, — slys, þar sem líklegt er, að mörg hús hefði eyðilagzt og menn á jörðu niðri farizt. Eðlilegt virðist, að rekstraraðili flugvalla veiti nálægum sveitarfélögum tryggingu fyrir fullum bótum vegna tjóna, er flugvélar, sem þeir heimila umferð, valda innan sveitarfélagsins, enn fremur, að veittar séu upplýsingar um hjálpar- og björgunarmöguleika í slíkum tilvikum.